

Alþingi
Erindi nr. P 128/876
komudagur 27.1.2003

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 – Reykjavík

27. janúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum. 404 mál.

Vísað er til bréfs sem dagsett er 7. janúar 2003 þar sem Eva Margrét Ævarsdóttir f.h. umhverfisnefndar Alþingis óskar eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

- 1. gr.** Hér er verið að herða á banni við veiðum af vélknúnum ökutækjum og auðvelda eftirlit með því slíkt sé ekki gert og vil ég taka undir þessa tillögu. Því miður er eitthvað um að vélknúin ökutæki séu notuð ólöglega við veiðar þó það sé frekar undantekning en regla og að minnu mati þá eru flestir skotveiðimenn löghlýðnir hvað þetta varðar. Notkun slíkra tækja getur valdið tjóni á landi auk þess sem í augum flestra skotveiðimanna og almennings er um ósiðlegt athæfi að ræða. Því miður tel ég að nokkuð hafi skort á að eftirlit með veiðum af vélknúnum ökutækjum sé nægjanlegt. Byggi ég þá skoðun mína m.a. á viðtölum sem ég hef átt við lögregluþjóna víða um land í tengslum við það að ég kenni á veiðinámskeiðum fyrir verðandi veiðimenn á vegum Veiðistjórnunarviðs Umhverfisstofnunar og sem slíkur hitti ég reglulega lögregluþjóna sem hafa með byssuleyfi að gera o.fl. er viðkemur veiðum. Þeir kvarta margir yfir að geta ekki sinnt slíku eftirliti sökum fjárskorts. Hér tel ég að það að auka eftirlit og þá helst úr lofti gæti haft mikil fyrirbyggjandi áhrif því ef menn vita að þeir mega eiga von á að eftirlit sé haft með þeim þá hugsá þeir sig tvisvar um þar sem s.k.v. lögunum er heimilt að gera ökutæki sem notuð eru við veiðar upptæk í ríkissjóð. Því þyrfti ekki mikið né dýrt eftirlit til að hafa mikil áhrif á ólöglega notkun ökutækja við veiðar.
- 2. gr.** Hér er verið að reyna að takmarka sókn í rjúpu með banni við sölu. Þessi aðferð er þekkt erlendis frá sem aðferð til að draga úr sókn í villta stofna og má þar t.d. nefna bann við sölu á villtum gæsnum á Bretlandseyjum kringum 1960. Það bann var talið hafa skilað góðum árangri. Nefnd sem umhverfisráðherra skipaði í september 2001, svokölluð Sigmarsnefnd, og undirritaður var tilnefndur í af Fuglaverndarfélagi Íslands lagði til í álitinu sínu að ef grípa þyrfti til aðgerða til verndar rjúpunni þá væri sölubann einn vænlegasti kosturinn. Einnig átti undirritaður sæti í ráðgjafarnefnd um villt dýr sem nú hefur verið lögð niður og var ég tilnefndur í hana af SKOTVÍS. Meirihluti ráðgjafarnefndarinnar lagði einnig til að sölubanni yrði komið á og tilheyrði ég þeim meirihluta. Það má því ljóst vera að ég tek undir þá tillögu sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Rjúpan er nú í lægð í náttúrulegri 10 ára stofnsveiflu. Þó sýnt hafi verið fram á að veiði geti haft staðbundin áhrif á stofnstærð er ekki víst að rjúpnastofninn sé á niðurlægi sökum veiða. Ef litið er aftur til um 1950 frá því að reglubundnar vortalningar á rjúpum hófust þá sjáum við að það eru til ár þar sem lægðin var

hugsanlega dýpri og jafnframt sést að lægðirnar eru flestar svipaðar þannig að rjúpan er ekki í sögulegu lágmarki. Síðasta hámark í kringum 1998 olli aftur á móti vonbrigðum sökum þess hve lágt það var en samt er vísbending um að hámarkið á sjöunda áratugnum hafi hugsanlega verið lægra. Það sem hefur valdið mestum áhyggjum er að topparnir verða ekki eins háir og áður. Engar rannsóknir benda þó til að þetta ástand sé tilkomið vegna veiða þó sýnt hafi verið fram á staðbundna ofveiði í kringum höfuðborgina. Fleira gæti komið þarna til en veiðar, s.s. eitthvað tengt fæðu rjúpunnar, eyðing búsvæða o.fl. Veiðar eru samt það eina sem við getum haft áhrif á til skemmri tíma þannig að flestir eru tilbúnir til að láta rjúpana njóta vafans og reyna að draga úr veiði. Þó er alls ekki víst að það hafi nokkur áhrif. Auk sölubannsins sem hér er lagt til er búið að stækka friðað svæði á SV-horni landsins og gefst þar tækifæri til að bera vöxt rjúpnastofnsins á friðaða svæðinu við nærliggjandi svæði þar sem veiðar verða stundaðar áfram. Ef veiðar hafa áhrif má búast við að stofnhámark á Reykjanesi verði hærra í næsta hámarksári en á nærliggjandi svæðum og annarsstaðar á landinu en ef sveiflan verður svipuð á friðaða og ófriðuðum svæðum gefur það tilefni til að álykta að eitthvað annað en veiðar valdi minni hámarksörkum. Umhverfisráðherra hefur einnig boðað að veiðitími verði stytur um 20 daga næsta haust með því að 10 dagar verði teknir framan af veiðitímanum og 10 dagar aftan af. Ég hef verulegar efasemdir um að það hafi nokkur áhrif og tel reyndar að stytting veiðitíma með því að taka framan af veiðitímanum sé rökvillla þar sem náttúruleg afföll eru langmest í upphafi veiðitíma og með því að hefja veiðar seinna þá verið að veiða úr minni stofni en ella. Mikil seinkun á úpphafi veiðitíma getur jafnvel haft verri áhrif á stofninn en ella. Ég tel að framkomnar hugmyndir um að banna sölu á rjúpu næsta haust og friðun Reykjaneskagans séu skref sem sjálfsagt er að stíga. Með banni við sölu á rjúpum munum við ná að draga úr eftirspurn eftir þeim á markaði þegar fram í sækir þó auðvitað verði einhver einkasala á svörtum markaði. Sá markaður verður þó erfiðari því kaupmenn hafa stýrt verði og haldið því niðri svo vel að það er varla að það taki því að veiða til að selja. Hefur orðatiltækið að enginn verði feitur af fuglaveiði átt við undanfarin ár. Auðvelt verður að mæla áhrif sölubanns því á síðasta áratug stóð SKOTVÍS að neyslukönnunum meðal landsmanna á því hve mikið væri borðað af rjúpu. Þetta er hægt að endurtaka til að fá samanburð eftir að sölubann tekur gildi. Jafnframt munum við sjá hver áhrifin verða á fjölda veiddra rjúpna samkvæmt veiðiskýrslum. Ég tel þó líklegt að það taki sölubann einhver ár að ná árangri. Reikna má með að þeir sem hafa veitt til að selja muni veiða næsta haust eins og áður með það í huga að reyna einkasölu á „svörtum markaði“. Ég spái því þó að þeim muni reynast erfiðara en áður að losna við rjúpunar og því sitja uppi með umfram birgðir og því veiða minna næstu ár á eftir. Ef veiðitölur frá 1995 eru skoðaðar þá sést að veiðin vex ekki hlutfallslega með stofnstærð sem bendir til að það verði metun á markaði og hann stýri því að einhverju leiti hve mikið er veitt. Ég tek einnig eftir því að þó talað sé um að rjúpnaskortur hafi verið um síðustu jól má enn sjá skoskar rjúpur í kælum verslana Nóatúns.

Til að sölubann nái tilgangi sínum tel ég þó að breyta verði 2. gr. frumvarpsins. Ef leyfð verður sala áfram á innfluttum rjúpum tel ég að bannið verði

ófrankvæmanlegt og eins gott að sleppa því. Nær útilokað verður að segja til um uppruna rjúpna á veitingastöðum þegar þær eru komnar í rjúpusúpu eða á hlaðborðin. Hægur vandi verður fyrir veitingahús að kaupa einhverjar innfluttar rjúpur auk íslenskra og selja þær allar sem innfluttar og það sama gæti gilt um verslun.

Einnig tel ég að orða þurfi bannið á sama hátt og gert er í lögum nr. 64/1994 um sölu á netaveiddum sjófulgi sbr. 9 gr. 4. tölulið „Fugla, er drepast í netum sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf” og á eggjum anda og heiðagæsa, sbr. 18. gr. 6. mgr. „Andaregg og heiðagæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf”.

Greinin myndi þá hefjast svona: **Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf rjúpur og rjúpuafurðir.** Ef leyft er að gefa rjúpur þá getur komið upp sú staða að á veitingahúsum verði meðlætið selt dýrum dómum en rjúpan gefin með svipað og sagt er að hafi verið gert á bát einum á Breiðafirði þar sem glös voru seld en hvítvínið með hörpudiskinum gefið.

Ég minnst þess að í fyrstu umræðu um frumvarp þetta þá var það gagnrýnt af Péttri H. Blöndal alþingismanni að fólki væri bannað að selja eigur sínar sem í þessu tilfelli væru veiddar rjúpur og spurt um fordæmi þessa. Fordæmin eru í núverandi lögum eins og að ofan er greint.

3. gr. Engar athugasemdir gerðar.

Hér að ofan hef ég gert athugasemdir við greinar frumvarpsins og óski umhverfisnefnd eftir að ég komi á fund nefndarinnar til að skýra sjónarmið mín nánar eða annað er varðar verndun rjúpunnar þá er það sjálfsagt að verða við því.

Virðingarfyllt

Dr. Arnór Þórir Sigfússon
Fuglafræðingur.